

TILSKIPUN RÁÐSINS 96/43/EB

frá 26. júní 1996

um breytingu og samsteypu á tilskipun 85/73/EBE í því skyni að tryggja fjármögnun á dýraheilbrigðisskoðunum og -eftirliti með lifandi dýrum og tilteknum dýraafurðum og um breytingu á tilskipunum 90/675/EBE og 91/496/EBE

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

sendingaraðildarríkjum með dýrum á fæti og dýraafurðum.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Lifandi dýr og dýraafurðir eru á vörulistanum í II. viðauka við sáttmálann. Þessi dýr og dýraafurðir eru tekjulind fyrir hluta bændastéttarinnar.

Í tilskipun ráðsins 85/73/EBE frá 29. janúar 1985 um fjármögnun á dýraheilbrigðisskoðunum og -eftirliti með dýraafurðum, sem fellur undir viðauka A við tilskipun 89/662/EBE og tilskipun 90/675/EBE ⁽⁴⁾, eru settar meginreglur um gjaldtöku fyrir slíkt eftirlit.

Í tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽⁵⁾ eru meðal annars sett ákvæði um dýraheilbrigðiseftirlit sem á að fara fram í

Í tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum ⁽⁶⁾ og tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem flutt eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum og um breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE ⁽⁷⁾ eru meðal annars sett ákvæði um sannprófun skjala og auðkenna og eftirlit með ástandi dýra frá þriðju löndum.

Dýraheilbrigðiseftirlit er fjármagnað með ýmsu móti í aðildarríkjunum, meðal annars með gjaldtöku sem þó kann að vera breytileg. Mismunurinn kann að hafa áhrif á samkeppnisskilyrði fyrir afurðir sem að mestu leyti falla undir sameiginlegt markaðsskipulag.

Ef lögð eru mismunandi gjöld á atvinnurekendur, við innflutning lifandi dýra til landa bandalagsins frá þriðju löndum, getur það leitt til þess að viðskiptunum verði beint annað.

Til að koma í veg fyrir slíkt ber að setja samhæfð ákvæði um fjármögnun á skoðunum og eftirliti.

Opinber yfirvöld bera ábyrgð á því að skoðanirnar og eftirlitið fari fram. Samt sem áður ber að tryggja fjármögnun

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 219, 3. 8. 1993, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 315, 22. 11. 1993, bls. 630.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 34, 2. 4. 1994, bls. 23.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 32, 5. 2. 1985, bls. 14. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/17/EB (Stjtið. EB nr. L 78, 28. 3. 1996, bls. 30).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/118/EBE (Stjtið. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/52/EB (Stjtið. EB nr. L 265, 8. 11. 1995, bls. 16).

⁽⁷⁾ Stjtið. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun 92/438/EBE (Stjtið. EB nr. L 243, 25. 8. 1992, bls. 27).

skoðana og eftirlits með því að heimta gjald af atvinnurekendum.

Tilskipanir ráðsins 90/675/EBE og 91/496/EBE ber að laga að þessum meginreglum.

Nauðsynlegt er að kveða á um fjármögnun eftirlits sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum og um niðurfellingu á tilskipunum 85/358/EBE og 86/496/EBE og ákvörðunum 89/187/EBE og 91/664/EBE ⁽¹⁾.

Einnig skulu fara fram tæknilegar aðlaganir á viðaukum við tilskipun 85/73/EBE svo að unnt sé að taka tillit til þeirrar reynslu sem fengist hefur.

Enn fremur skal setja nákvæmar reglur um fjármögnun á dýraheilbrigðisskoðunum á öðrum afurðum úr dýraríkinu en kjöti sem um getur í tilskipunum 64/433/EBE ⁽²⁾, 71/118/EBE ⁽³⁾ og 72/462/EBE ⁽⁴⁾.

Til að tryggja snurðulausa starfsemi eftirlitskerfis fyrir fiskafurðir og til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni í þessum geira skal setja slíkar nákvæmar reglur um fiskafurðir sem falla undir tilskipun ráðsins 91/493/EBE frá 22. júlí 1991 um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða ⁽⁵⁾.

Reglurnar skulu taka mið af sérstökum eiginleikum fiskafurða og þess hvers eðlis eftirlitið sem kveðið er á um í tilskipun 91/493/EBE er og mikilvægi þess að gjöld séu fastákveðin í bandalaginu vegna samkeppnisreglna.

Þetta fyrirkomulag skal ekki taka til fiskafurða ef markaðssetning þeirra fellur ekki undir ákvæði tilskipunar 91/493/EBE.

Að því er varðar afurðir úr dýraríkinu frá þriðju löndum ber

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 125, 23. 5. 1996, bls. 10.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. 121, 29. 7. 1964, bls. 2012/64. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/5/EBE (Stjttíð. EB nr. L 57, 2. 3. 1992, bls. 1).

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 55, 8. 3. 1971, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/116/EBE (Stjttíð. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 1).

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 302, 31.12.1972, bls. 28. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1601/92 (Stjttíð. EB nr. L 173, 27. 6. 1992, bls. 13).

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 15.

að hafa hliðsjón af þeim degi þegar samningar um jafngildi dýraheilbrigðisábyrgða verða gerðir.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað yfirskriftar, greina og viðauka tilskipunar 85/73/EBE komi viðaukinn við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Í ii-lið 3. gr. tilskipunar 90/675/EBE komi orðin „sem kveðið er á um í tilskipun 96/23/EB(*)“ í fyrstu línu á eftir „ii) að búið sé að greiða fyrir dýraheilbrigðiseftirlitið“ og á undan „og, ef við á, að...“.

„(*) Stjttíð. EB nr. L 125, 23. 5. 1996, bls. 10.“

2. Ákvæði 15. gr. tilskipunar 91/496/EBE verði svohljóðandi:

„15. gr.

Aðildarríkin skulu innheimta gjald fyrir heilbrigðiseftirlit við innflutning dýra sem um getur í þessari tilskipun, í samræmi við tilskipun 96/23/EB(*).

(*) Stjttíð. EB nr. L 125, 23. 5. 1996, bls. 10.“

3. gr.

Ráðið skal endurskoða þessa tilskipun fyrir 1. janúar 1999 á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar, og tillagna ef svo ber undir.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnisýslufyrir-mæli sem nauðsynleg eru til að fara að:

- i) ákvæðum 7. gr. og e-liðar I. mgr. I. kafla viðauka A eigi síðar en 1. júlí 1996;
- ii) ákvæðum II. kafla og II. þáttar III. kafla viðauka A og II. kafla viðauka C eigi síðar en 1. janúar 1997;

iii) öðrum breytingum eigi síðar en 1. júlí 1997.

5. gr.

Aðildarríkin skulu fá lengri frest, sem rennur út eigi síðar en 1. júlí 1999, til að fara að ákvæðum I. þáttar III. kafla viðauka A.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

6. gr.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 26. júní 1996.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um mál-efni sem tilskipun þessi nær til.

Fyrir hönd ráðsins,

M. PINTO

forseti.

VIÐAUKI

TILSKIPUN RÁÐSINS 85/73/EBE

frá 29. janúar 1985

um fjármögnun á dýraheilbrigðisskoðunum og -eftirliti sem fellur undir tilskipanir 89/662/EBE, 90/425/EBE, 90/675/EBE og 91/496/EBE

(breytt og samsteypt)

1. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess, í samræmi við fyrirkomulagið sem mælt er fyrir um í viðauka A, að bandalagsgjald sé innheimt fyrir kostnaði við skoðanir á og eftirlit með afurðunum sem eru taldar upp í þeim viðauka, þar með talið skoðanir og eftirlit sem fer fram í því skyni að tryggja vernd dýra við slátrun í samræmi við kröfur tilskipunar 93/119/EBE.

2. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess, í samræmi við fyrirkomulagið sem mælt er fyrir um í viðauka B, að bandalagsgjald sé innheimt fyrir kostnaði við skoðanir og eftirlit sem kveðið er á um í tilskipun 96/23/EB⁽¹⁾.

3. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess, í samræmi við fyrirkomulagið sem mælt er fyrir um í viðauka C, að bandalagsgjald sé innheimt fyrir kostnaði við skoðanir á og eftirlit með þeim dýrum á fæti sem eru talin upp í þeim viðauka.

4. gr.

1. Þar til ákvæðin um bandalagsgjöld hafa verið samþykkt skulu aðildarríkin tryggja fjármögnun á skoðunum og eftirliti sem ekki falla undir 1., 2. og 3. gr.

2. Að því er varðar 1. mgr. er aðildarríkjum heimilt að innheimta innlend gjöld í samræmi við þær meginreglur sem eru samþykktar um bandalagsgjöld.

5. gr.

1. Bandalagsgjöld skulu ákveðin þannig að þau nægi fyrir kostnaði lögbærra yfirvalda í tengslum við:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 125, 23. 5. 1996, bls. 10.

— launagreiðslur og almannatryggingar í tengslum við eftirlitsþjónustuna,

— stjórnun við eftirlit og skoðanir, þar með er heimilt að telja útgjöld sem eru nauðsynleg vegna starfsþjálfunar skoðunarmanna,

vegna eftirlits og skoðana sem um getur í 1., 2. og 3. gr.

2. Ekki skal leyfa neina endurgreiðslu gjalda, hvorki beina né óbeina, sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Það að aðildarríki kunnir í einstökum tilvikum að styðjast við fastákvæðna meðaltalið, sem kveðið er á um í viðaukum A, B og C, telst þó ekki til óbeinnar endurgreiðslu.

3. Aðildarríki skal vera heimilt að innheimta hærri fjárhæð en sem nemur bandalagsgjöldum, svo framarlega sem heildargjöldin sem aðildarríkið innheimtir eru ekki hærri en raunkostnaður við skoðun.

4. Með fyrirvara um tilnefningu á því yfirvaldi sem hefur heimild til að innheimta bandalagsgjöld skulu gjöldin koma í staðinn fyrir allan annan kostnað eða gjöld vegna heilbrigðisskoðunar sem ríkisstjórnir, héraðs- eða sveitarstjórnir aðildarríkja leggja á vegna skoðana og eftirlits, sem um getur í 1., 2. og 3. gr., og útgáfu vottorða þar að lútandi.

Þessi tilskipun skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríki innheimti gjöld til að berjast gegn smitsjúkdómum dýra.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu með jöfnu millibili senda framkvæmdastjórninni:

— upplýsingar um skiptingu og notkun bandalagsgjalda; þau verða að geta fært rök fyrir útreikningsaðferðunum,

— upplýsingar um umreikningsgengið, sem er samþykkt á hverju ári í samræmi við 7. gr.,

— upplýsingar um staðinn eða staðina þar sem gjöld bandalagsins eru innheimt, ásamt nauðsynlegum gögnum.

2. Sem liður í því eftirliti á staðnum sem framkvæmdastjórnin annast er henni heimilt, að höfðu samráði við lögber innlend yfirvöld, að fylgjast með því hvernig beitingu á ákvæðum þessarar tilskipunar er háttað.

3. Ef aðildarríki álitur að eftirlit í öðru aðildarríki fari ekki fram með réttum hætti og að gjöldin sem kveðið er á um í þessari tilskipun nægi ekki eða nægi ekki fyllilega fyrir kostnaði við eftirlitið, skal því vera heimilt að beita viðkomandi ákvæðum tilskipunar 89/608/EBE, einkum 10. og 11. gr.

7. gr.

1. Umreikningsgengi fjárhæða í ekum, sem eru tilgreindar í þessari tilskipun, yfir í innlandan gjaldmiðil skal vera það gengi sem er birt árlega í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna* á fyrsta virkum degi septembermánaðar.

Gjaldið tekur gildi frá 1. janúar árið eftir.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.:

— skulu aðildarríkin nota fyrir árið 1994 umreikningsgengið sem var í gildi 1. september 1992,

— skulu aðildarríkin nota fyrir árin 1995–1998 meðaltal umreikningsgengisins sem er birt í samræmi við 1. mgr. fyrir næstu þrjú ár á undan.

8. gr.

Ráðinu er heimilt, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að breyta viðaukum A, B og C við þessa tilskipun, meðal annars með það fyrir augum að samþykkja fastar fjárhæðir bandalagsgjalda, setja nákvæmar framkvæmdarreglur þar að lútandi og samþykkja undanþáguákvæði.

9. gr.

1. Lýðveldinu Grikklandi skal heimilt að víkja frá meginreglunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun ef kostnaður við gjaldheimtu er hærri en gjaldtekjan vegna landfræðilegra aðstæðna í afskekktum héruðum.

Grísk stjórnvöld skulu láta framkvæmdastjórnina vita til hvaða landsvæða undanþáguákvæðin ná.

Upplýsingunum skulu fylgja öll nauðsynleg skjöl.

2. Vegna annarra mjög afskekkttra héraða má heimila öðrum aðildarríkjum að beita sömu undanþáguákvæðum, í samræmi við málsmeðferð 18. gr. tilskipunar 89/662/EBE.

Viðauki A

I. KAFLI

Gjöld fyrir kjöt sem fellur undir tilskipanir 64/433/EBE, 71/118/EBE, 91/495/EBE og 92/45/EBE

Gjaldið sem um getur í 1. gr. er ákveðið í samræmi við 1. mgr. 5. gr. sem hér segir:

1. Með fyrirvara um 4. og 5. lið innheimta aðildarríkin eftirfarandi fastar fjárhæðir vegna skoðunarkostnaðar við slátrun:
 - a) nautakjöt og kálfakjöt:
 - fullorðnir nautgripir: 4,5 ekur á hvert dýr,
 - ungneysi: 2,5 ekur á hvert dýr;
 - b) hófdýr/einhófa dýr: 4,4 ekur á hvert dýr;
 - c) svínakjöt: skrokkar sem vega
 - minna en 25 kg: 0,5 ekur á hvert dýr,
 - 25 kg eða meira: 1,30 ekur á hvert dýr;
 - d) kindakjöt og geitakjöt: skrokkar sem vega
 - minna en 12 kg: 0,175 ekur á hvert dýr,
 - 12 til 18 kg: 0,35 ekur á hvert dýr,
 - meira en 18 kg: 0,5 ekur á hvert dýr;
 - e) alifuglakjöt:
 - i) annaðhvort fast verð sem hér segir:
 - fyrir kjúklinga og unghænur, aðra unga alifugla sem vega minna en 2 kg og varphænur: 0,01 eka á hvert dýr,
 - aðrir ungir alifuglar, slátrunarþyngd 2 kg eða meira: 0,02 ekur á hvert dýr,
 - aðrir fullvaxnir stórir alifuglar sem vega 5 kg eða meira: 0,04 ekur á hvert dýr;
 - ii) eða ef aðildarríki ákveður að gera ekki greinarmun á flokkum alifugla eins og gert er í i-lið: 0,03 ekur á hvern fugl;
 - f) kanínukjöt og kjöt af litlum veiðifuglum og veiðiloðdýrum:
 - fyrir kanínur, litla veiðifugla og veiðiloðdýr, föstu fjárhæðirnar sem mælt er fyrir um í e-lið;
 - fyrir eftirtalin landspendýr:
 - villisvín: þá fjárhæð sem mælt er fyrir um í c-lið, að viðbættum kostnaði við tríkínuprófið sem kveðið er á um í tilskipun 92/45/EBE ef fjárhæðin nægir ekki fyrir þeim kostnaði,
 - jörturdýr: þá fjárhæð sem mælt er fyrir um í d-lið.
2. Eftirlit og skoðanir í tengslum við stykkjunina, sem meðal annars er getið um í b-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 64/433/EBE og b-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 71/118/EBE, er greitt
 - a) annaðhvort: samkvæmt föstu verði að viðbættri fastri fjárhæð sem er 3 ekur á hvert tonn af kjöti sem kemur inn á stykkjunarstöð.
Sú fjárhæð bætist við fjárhæðirnar sem um getur í 1. lið hér að framan;
 - b) eða: með því að innheimta fyrir raunkostnaði fyrir hvern unninn klukkutíma við skoðun.Fari stykkjunin fram á starfsstöðinni sem kjötið kemur frá skal lækka fjárhæðina sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein um allt að 55%.
Kjósi aðildarríki að miða gjaldtöku við hvern unninn klukkutíma verður það að geta sýnt framkvæmdastjórninni fram á að fasta fjárhæðin í a-lið nægi ekki fyrir raunkostnaði.

3. Aðildarríkin innheimta fjárhæð sem svarar til raunkostnaðar við eftirlit og skoðun á kjöti sem meðal annars er geymt samkvæmt d-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 64/433/EBE og c-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 71/118/EBE. Unnt er að setja nákvæmar reglur um beitingu þessa liðar samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 16. gr. tilskipunar 64/433/EBE eða 21. gr. tilskipunar 71/118/EBE, einkum í því augnamiði að leysa mál er varða kjöt sem hefur verið tilefni íhlutunar og kjöt sem er geymt í skamman tíma í senn í mörgum kæligeymslum.
4. Til að mæta auknum kostnaði er aðildarríkjunum heimilt:
- a) annaðhvort: að hækka fasta fjárhæð gjaldanna sem mælt er fyrir um í 1. lið og a-lið 2. liðar vegna einstakra starfsstöðva.
- Skilyrði sem þarf að uppfylla, auk þeirra sem mælt er fyrir um í a-lið 5. liðar, geta verið sem hér segir:
- aukinn kostnaður við skoðun vegna þess að aldur, stærð, þyngd og heilbrigðisástand dýranna er ólíkt,
 - lengri biðtími og annar tími sem nýtist ekki skoðunarmönnum vegna þess að skipulag er ófullnægjandi á starfsstöðinni sem annast flutning dýranna eða vegna tæknilegra örðugleika eða bilana, til dæmis hjá eldri starfsstöðvum,
 - miklar tafir meðan slátrun stendur yfir, t.d. vegna þess að starfsmenn eru of fáir og tími skoðunarmanna nýtist illa af þeim sökum,
 - aukinn kostnaður vegna sérstaks flutningstíma,
 - skoðanir taka lengri tíma vegna þess að slátrunartími breytist oft án þess að skoðunarmennirnir fái við það ráðið,
 - miklar truflanir meðan slátrun stendur yfir, þegar verið er að gera tilskildar ráðstafanir um hreinlæti og sóttreinsun,
 - skoðanir á dýrum sem að beiðni eiganda er slátrað utan venjulegs slátrunartíma.
- Hækkun á föstu verði aðalgjaldskrár fer eftir því hve mikið kostnaðurinn hefur hækkað;
- b) eða: að innheimta sérstakt gjald sem svarar til raunkostnaðar.
5. Aðildarríkjum þar sem launakostnaður, skipulag starfsstöðva og tengsl dýralækna og skoðunarmanna víkja frá EB-meðaltalinu, sem liggur til grundvallar föstu fjárhæðunum sem kveðið er á um í 1. lið og a-lið 2. liðar, er heimilt að víkja frá þessum ákvæðum og lækka fjárhæðirnar þannig að þær samsvari raunkostnaði við skoðun:
- a) almennt, svo framarlega sem verulegur munur er á framfærslukostnaði og launakostnaði;
- b) vegna tiltekinnar starfsstöðvar, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
- lágmarksfjöldi slátrað á dag, svo að unnt sé að skipuleggja störf skoðunarmanna fyrirfram,
 - fjöldi dýra til slátrunar sé jafn, svo að unnt sé að skipuleggja afhendingu dýranna fyrirfram og nýta þannig tíma skoðunarmannanna með skynsamlegum hætti,
 - nákvæm starfstilhögun og skipulag sé fyrir hendi í starfsstöðinni; mikil afköst við slátrun og hámarksnýting á tíma skoðunarmannanna,
 - enginn biðtími eða annar tími sem nýtist ekki skoðunarmönnum;
 - aldur, stærð, þyngd og heilbrigðisástand dýranna sé eins líkt og nokkur kostur er.
- Beiting þessara undanþága má ekki undir neinum kringumstæðum leiða til meiri lækkana en 55% af þeim fjárhæðum sem eru tilgreindar í 1. lið og a-lið 2. liðar.
6. a) Gjöldin sem um getur í 1., 2. og 3. lið eru innheimt, eftir því sem við á, í slátruhúsinu, stykkjunarstöðinni eða kæligeymslunni. Stjórnanda eða eiganda starfsstöðvarinnar, þar sem áðurmeind starfsemi fer fram, ber að greiða gjöldin, en þó er þeim heimilt að láta einstaklinginn eða lögaðilann sem starfsemi er rekin fyrir greiða gjaldið sem sett er upp fyrir viðkomandi starfsemi. Þegar heilbrigðisskoðun á lifandi

alifuglum fer fram á upprunabýlinu, í samræmi við tilskipun 71/118/EBE, er heimilt að innheimta þar fjárhæð sem er allt að því 20% af föstu fjárhæðinni sem mælt er fyrir um í e-lið 1. liðar.

- b) Ef um er að ræða starfsstöðvar með starfsemi af fleiri en einum toga eða framleiðslukeðjur með samþætta starfsemi er aðildarríkjunum heimilt, þrátt fyrir það sem tiltekið er um innheimtustað í fyrsta málslið a-liðar, að innheimta í eitt skipti og á einum stað heildargjald sem hinar mismunandi fjárhæðir eru innifaldar í.
- c) Ef gjaldið sem er innheimt í sláturhúsinu nægir fyrir öllum skoðunarkostnaði sem um getur í a-lið skal aðildarríkið ekki innheimta neitt gjald í stykkjunarstöðinni eða kæligeymslunni.

II. KAFLI

Gjöld fyrir kjöt sem fellur undir tilskipun 72/462/EBE, III. kafla tilskipunar 71/118/EBE, III. kafla tilskipunar 92/45/EBE og 11. kafla I. viðauka við tilskipun 92/118/EBE

1. Gjaldið sem um getur í 1. gr. er föst lágmarksfjárhæð sem er 5 ekur á hvert tonn (með beini), að lágmarki 30 ekur á hverja sendingu.

Aðildarríkjunum er þó heimilt að víkja frá þessu ákvæði og hækka þá fjárhæð til að hún samsvari raunkostnaði.

2. Samt sem áður er aðildarríkjum heimilt að halda þessum lægri fjárhæðum gjaldanna til 30. júní 1997 að því er varðar innflutning frá löndum sem hafa hafið samningaviðræður við Evrópusambandið eigi síðar en 20. febrúar 1995 með það fyrir augum að gera heildarsamning um jafngildi dýraheilbrigðisábyrgða (heilbrigði dýra og manna) er byggist á meginreglunni um gagnkvæma meðferð, og sem slíkur samningur hefur verið gerður við fyrir 31. desember 1996.

Fjárhæð gjaldsins sem er innheimt við innflutning frá einhverju þeirra þriðju landa sem um getur í fyrstu undirgrein ber að ákvarða, eftir að heildarsamningur hefur verið gerður við hlutaðeigandi þriðja land, samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í 3. mgr., að teknu tilliti til eftirfarandi meginþátta:

- tíðni eftirlits,
- hversu hátt gjald hlutaðeigandi þriðja land leggur á innflutning vara sem eru upprunnar í ríkjum Evrópusambandsins,
- niðurfellingu annarra greiðslna sem þriðja landið gerir kröfu um, til dæmis fyrir lögboðna vörslu eða innheimtu heilbrigðisábyrgða.

3. Þegar ákvarðanir sem kveðið er á um í 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 90/675/EBE eru samþykktar og í samræmi við sömu málsmeðferð ber að aðlaga fjárhæðirnar sem um getur í 1. lið með tilliti til þess að ákveðið er að draga úr tíðni eftirlits.

Við töku þessara ákvarðana tekur framkvæmdastjórnin einkum tillit til ábyrgða sem þriðju lönd veita varðandi viðurkenningu á meginreglunni um svæðaskiptingu og á öðrum meginreglum bandalagsins.

4. Gjaldið sem um getur í 1. lið er greitt af innflytjanda, eða umboðsmanni hans, og innheimt á tollstofunni sem er ábyrg fyrir viðkomandi skoðunarstöð á landamærum eða á skoðunarstöðinni sjálfri.
5. Aðildarríkjunum er heimilt að veita hluta gjaldtekjunnar, sem kveðið er á um í þessum kafla, í sameiginlegan heilbrigðissjóð sem er ætlað að efla dýraheilbrigðisþjónustu svo að unnt sé að bregðast skjótar við þegar framandi sjúkdómar koma upp.

III. KAFLI

Gjöld fyrir fiskafurðir sem falla undir tilskipun 91/493/EBE

I. þáttur

Fiskafurðir sem falla undir I. kafla tilskipunar 91/493/EBE

Gjaldið sem um getur í 1. gr. er ákveðið í samræmi við 1. mgr. 5. gr. sem hér segir:

1. a) Aðildarríkin skulu innheimta gjald sem nemur skoðunarkostnaði við opinbert eftirlit sem fer fram samkvæmt II. hluta V. kafla viðaukans við tilskipun 91/493/EBE;

- b) gjaldið, sem kveðið er á um í a-lið, skal vera 1 eka á hvert tonn af fiskafurðum fyrir fyrstu 50 tonn, og 0,5 ekur á hvert tonn þar yfir. Það ber að innheimta þegar varan er fyrst markaðssett, nema það hafi verið innheimt við löndun, og skal í öllum tilvikum greitt af fyrsta kaupanda. Aðildarríkjum er heimilt að innleiða kerfi sem gerir kleift að leggja saman magn fiskafurða á tilteknu tímabili og fyrirkomulag á miðstýrðri innheimtu við fyrstu sölu;
- c) þrátt fyrir ákvæði b-liðar mega gjöldin sem innheimt eru fyrir tegundirnar sem um getur í II. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3703/85 ekki fara yfir 50 ekur á hverja affermda sendingu ef raunkostnaður fer ekki fram úr þeirri fjárhæð;
- d) innheimta gjaldsins, sem kveðið er á um í a-lið, skal ekki hafa áhrif á innheimtu gjaldsins sem um getur í 2. lið ef um er að ræða frekari verkun fiskafurða, sbr. þó b-lið 7. liðar.
2. a) Aðildarríkin skulu innheimta gjald sem nemur skoðunarkostnaði við opinbert eftirlit sem fer fram samkvæmt I. hluta V. kafla viðaukans við tilskipun 91/493/EBE og við opinbert eftirlit sem kveðið er á um í II. hluta áðurnefnds V. kafla.
- b) Gjaldið, sem kveðið er á um í a-lið, skal vera 1 eka og ber að innheimta það fyrir hvert tonn af fiskafurðum sem kemur inn á starfsstöð þar sem forvinnsla og/eða verkun slíkra afurða fer fram, eða sem kemur úr verksmiðjuskipi.
- Enn fremur skulu aðildarríki innheimta fyrir raunkostnaði við skoðun á verksmiðjuskipi í þriðja landi.
- c) Að beiðni aðildarríkis, sem leggur fram nauðsynleg skjöl þar að lútandi, er heimilt að ákveða lægri fjárhæð gjalda fyrir tegundirnar sem um getur í c-lið 1. liðar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. tilskipunar 89/662/EBE.
3. a) Ef aðildarríki lítur svo á, að lokinni nákvæmri athugun á kostnaði við eftirlit, sem um getur í a-lið 1. liðar, með tiltekinni afurð á yfirráðasvæði þess, að gjaldtaka í samræmi við b-lið 1. liðar nægi ekki fyrir raunkostnaði er því heimilt að innleiða fyrirkomulag gjaldtöku á hvern klukkutíma sem unninn er vegna þessarar afurðar.
- b) Ef aðildarríki lítur svo á, að lokinni nákvæmri athugun á kostnaði við eftirlit, sem um getur í a-lið 2. liðar, með tiltekinni afurð á yfirráðasvæði þess, að gjaldtaka í samræmi við b-lið 2. liðar á tiltekinni starfsstöð nægi ekki fyrir raunkostnaði er því heimilt að innleiða fyrirkomulag gjaldtöku á hvern klukkutíma sem unninn er fyrir starfsstöðvar þar sem afurðin er meðhöndluð.
- Kjósi aðildarríki að miða gjaldtöku við hvern unninn klukkutíma verður það að geta sýnt framkvæmdastjórninni fram á að gjaldtaka í samræmi við b-lið 1. liðar og b-lið 2. liðar nægi ekki fyrir raunkostnaði.
4. a) Aðildarríkjum skal heimilt að lækka fjárhæðina sem kveðið er á um í b-lið 1. liðar ef eftirlitið sem kveðið er á um í 1. lið er auðveldað vegna þess að:
- fiskurinn er flokkaður eftir ferskleika og/eða stærð í samræmi við reglugerðir (EBE) nr. 103/76 og nr. 104/76, eða metinn í samræmi við alþjóðlegar reglur, og/eða
 - fyrstu sölu viðskipti eru flokkuð saman, til dæmis á uppboði eða fiskmarkaði.
- Beiting þessara ákvæða má ekki undir neinum kringumstæðum leiða til meiri lækkana en sem nemur 55%.
- Að beiðni aðildarríkis, sem leggur fram nauðsynleg skjöl þar að lútandi, er þó unnt að ákveða meiri lækkun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. tilskipunar 89/662/EBE.
- b) Aðildarríkjum skal vera heimilt að lækka fjárhæð gjaldsins sem kveðið er á um í 2. lið ef:
- forvinnsla eða verkun fer fram á sama stað og fyrsta verkunin eða fyrsta salan, og/eða
 - rekstrarskilyrði og ábyrgðir vegna innra eftirlits starfsstöðvar eru með þeim hætti að unnt er að draga úr þörfinni á skoðunarmönnum í tiltekinni starfsstöð.

Beiting þessara ákvæða má ekki undir neinum kringumstæðum leiða til meiri lækkana en sem nemur 55%.

Að beiðni aðildarríkis, sem leggur fram nauðsynleg skjöl þar að lútandi, er þó unnt að ákveða frekari lækkun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. tilskipunar 89/662/EBE.

5. Aðildarríkin skulu innheimta fjárhæð sem svarar til raunkostnaðar við eftirlit á fiskafurðum í starfsstöðvum þar sem einungis fer fram kæling, frysting, pökkun eða geymsla. Ef gjaldið sem innheimt er í samræmi við 1. og 2. lið nægir hins vegar fyrir öllum skoðunarkostnaði við eftirlitið sem kveðið er á um í V. kafla viðaukans við tilskipun 91/493/EBE skal aðildarríkið þó ekki innheimta gjaldið sem um getur í þessum lið.
6. a) Stjórnanda eða eiganda starfsstöðvarinnar þar sem áður nefnd starfsemi fer fram ber að greiða gjöldin sem kveðið er á um í 2. og 5. lið, þeim er þó heimilt að láta einstaklinginn eða lögaðilann sem starfsemin er rekin fyrir greiða gjaldið sem sett er upp fyrir viðkomandi starfsemi.

b) Aðildarríkjnum er heimilt, fyrir fiskafurðir sem fara í forvinnslu og/eða verkun á yfirráðasvæði þeirra, að innheimta í eitt skipti og á einum stað heildargjald sem hinar mismunandi fjárhæðir eru innifaldar í.

Aðildarríki sem óska eftir að nýta sér þennan möguleika skulu fyrst láta framkvæmdastjórnina vita um það.
7. Aðildarríki skulu innleiða kerfi til að hafa eftirlit með því að hlutaðeigandi rekstraraðilar hafi greitt gjöldin sem kveðið er á um í þessum kafla.

Aðildarríkin skulu einkum sjá til þess, með hliðsjón af innlendum ákvæðum, að rekstraraðilum berist skrifleg kvittun eða önnur sönnun um einstaka greiðslu eða heildargreiðslu þeirra gjalda sem kveðið er á um í a-lið 1. liðar þessa kafla, nema fiskafurðirnar fari í forvinnslu eða verkun á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem þeim var landað og að því tilskildu að gjaldið sé greitt að fullu í starfsstöðinni þar sem fiskurinn er forunninn eða verkaður.

Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæm framkvæmdarákvæði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. tilskipunar 89/662/EBE.

Aðildarríkin skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni.
8. Með fyrirvara um að farið sé að ákvæðum þessa þáttar um fjárhæð gjalda, og að teknu tilliti til skipulagsfrávika sem Finnland og Svíþjóð falla undir með skírskotun til sameiginlegs markaðsskipulags samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 3759/92, er Finnlandi og Svíþjóð heimilt, á grundvelli nauðsynlegra skjala þar að lútandi og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. tilskipunar 89/662/EBE, að beita öðrum innheimtuaðferðum þar til endurskoðunin sem kveðið er á um í 3. gr. tilskipunar 96/43/EB hefur farið fram.

II. Þáttur

Fiskafurðir sem falla undir II. kafla tilskipunar 91/493/EBE

1. Ákvæði 1. liðar I. þáttar þessa viðauka skulu gilda um fiskafurðir sem um getur í annarri málsgrein 10. gr. tilskipunar 91/493/EBE.

Enn fremur skulu aðildarríki innheimta viðbótarfjárhæð til að standa undir skoðunarkostnaði vegna þessarar tegundar skips og affermingar, að lágmarki 1 eka á hvert affermt tonn.
2. Vegna annarra fiskafurða en þeirra sem um getur í 1. lið, þ.e. allra fiskafurða sem fara um skoðunarstöð á landamærum, skal gjaldið sem kveðið er á um í 1. gr. ákveðið með tilliti til 1. mgr. 5. gr. og miðað við fasta lágmarksfjárhæð sem er 5 ekur á hvert tonn og minnst 30 ekur á sendingu, þó skal fasta lágmarksfjárhæðin 5 ekur á tonn, þegar um er að ræða magn sem fer yfir 100 tonn, lækkuð í:

— 1,5 ekur á hvert viðbótartonn af fiskafurðum ef þær eru ekki forunnar að öðru leyti en að hafa verið slægðar,

— 2,5 ekur á hvert viðbótartonn af öðrum fiskafurðum.

3. Þegar ákvarðanir sem kveðið er á um í 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 90/675/EBE eru samþykktar og í samræmi við sömu málsmeðferð ber að aðlaga fjárhæðirnar sem um getur í 2. lið með tilliti til þess að ákveðið er að draga úr tíðni eftirlits.

Við töku þessara ákvarðana tekur framkvæmdastjórnin einkum tillit til ábyrgða sem þriðju lönd veita varðandi viðurkenningu á meginreglunni um svæðaskiptingu, jafngildi, gagnkvæmni og á öðrum meginreglum bandalagsins, einkum þegar þessi þriðju lönd hafa gert heildarsamning við bandalagið um jafngildi dýraheilbrigðisábyrgða (heilbrigði dýra og manna).

Beiting þessa frávíks má ekki undir neinum kringumstæðum leiða til þess að fjárhæð gjaldanna verði lægri en fjárhæðirnar sem eru innheimtar, í samræmi við b-lið 1. mgr. og b-lið 2. mgr. I. þáttar, vegna afurða sem er landað úr skipum sem sigla undir fánum aðildarríkja bandalagsins.

Innheimta gjaldsins skal vera með fyrirvara um innheimtu gjaldsins sem kveðið er á um í b-lið 2. liðar I. kafla þegar um frekari verkun er að ræða.

Við beitingu á ákvæðum þessa kafla skulu aðildarríkin leggja þau gjöld sem kveðið er á um í I. þætti á innfluttar vörur sem landað er úr skipum sem sigla undir fána Grænlands.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. liðar með því að hækka gjöld þannig að þau nemi raunkostnaði.
5. Gjaldið sem kveðið er á um í 2. lið skal greitt af innflytjanda, eða umboðsmanni hans, og innheimt á tollstofunni sem er ábyrg fyrir viðkomandi skoðunarstöð á landamærum eða á skoðunarstöðinni sjálfri.
6. Aðildarríkjunum er heimilt til 31. desember 1999 að leggja þau gjöld sem kveðið er á um í I. þætti á innfluttar vörur sem landað er úr fiskiskipum í eigu fyrirtækja um sameiginleg verkefni sem eru skráð í samræmi við viðkomandi ákvæði bandalagsins.

Viðauki B

**GJÖLD SEM EIGA AÐ TRYGGJA AÐ EFTIRLIT MEÐ LIFANDI DÝRUM OG AFURÐUM
ÚR DÝRARÍKINU SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í TILSKIPUN 96/23/EBE FARI FRAM**

1. Gjaldið sem um getur í 2. gr. skal ákveðið sem hér segir:
 - a) fyrir lifandi dýr sem á að slátra og kjöt sem fellur undir I. kafla viðauka A: 1,35 ekur á hvert tonn af kjöti af slátruðu dýri;
 - b) fyrir fiskeldisafurðir sem falla undir III. kafla viðauka A: 0,1 eka á hvert tonn af markaðssettri vöru;
 - c) fyrir mjólk og mjólkurafurðir: 0,02 ekur á hverja 1 000 lítra af hrá mjólk;
 - d) fyrir eggjaafurðir: sú fjárhæð sem svarar til raunkostnaðar við eftirlit;
 - e) fyrir hunang: aðildarríkjunum er heimilt að innheimta þá fjárhæð sem svarar til raunkostnaðar við skoðun og eftirlit.
2. Að því tilskildu að þau virði ákvæði 1. liðar um fjárhæð gjaldanna er aðildarríkjunum heimilt að velja eina eftirfarandi tilhögun:
 - a) allt gjaldið sem um getur í 1. lið er innheimt á starfsstöð sem er hluti framleiðslukeðjunnar:
 - í sláturhúsi, að því er varðar gjaldið sem er tilgreint í a-lið 1. liðar,
 - í starfsstöð þar sem forvinnsla og/eða verkun fer fram, að því er varðar gjaldið sem er tilgreint í b-lið 1. liðar,
 - í mjólkurstöð fyrir hrá mjólk, að því er varðar gjaldið sem er tilgreint í c-lið 1. liðar;
 - b) innheimtu gjaldsins sem um getur í 1. lið er dreift á öll framleiðslustigin, þar með talið eldisstig, í samræmi við viðmiðanir sem aðildarríkin ákveða.
3. Stjórnanda eða eiganda viðkomandi starfsstöðvar eða starfsstöðva ber að greiða gjöldin sem um getur í 1. lið en þó er þeim heimilt að láta einstaklinginn eða lögaðilann sem starfsemin er rekin fyrir greiða gjaldið sem sett er upp.

Viðauki C

GJÖLD VEGNA DÝRA Á FÆTI

I. KAFLI

Lifandi dýr og afurðir úr dýraríkinu sem falla undir tilskipun 90/425/EBE

1. Til að fjármagna eftirlit á upprunastað ber að innheimta gjald.
2. Í samræmi við málsmeðferðina í 8. gr. ber að mæla fyrir um gildissvið og fjárhæð gjaldsins, framkvæmdarreglur þar að lútandi, þar með talið einkum hverjir eru gjaldskyldir, og öll undantekningartilvik.

II. KAFLI

Lifandi dýr, ætluð til innflutnings, sem falla undir tilskipun 91/496/EBE

1. Gjaldið sem um getur í 3. gr. er ákveðið sem hér segir:
 - a) vegna dýrategunda sem um getur í I. kafla viðauka A, föst fjárhæð, 5 ekur á tonn í lífþyngd, að lágmarki 30 ekur á hverja sendingu;
 - b) vegna annarra dýrategunda, raunkostnaður við skoðun annaðhvort fyrir hvert dýr eða hvert innflutt tonn, að lágmarki 30 ekur á hverja sendingu, enda gildi þetta lágmark ekki um innfluttar tegundir sem um getur í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/432/EBE.

Aðildarríkjunum er þó heimilt að víkja frá þessum ákvæðum og hækka fjárhæðirnar þannig að þær samsvari raunkostnaði.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að halda þessum lágu gjöldum til 30. júní 1997 að því er varðar innflutning frá löndum sem hafa hafið samningaviðræður við Evrópusambandið eigi síðar en 20. febrúar 1995 með það fyrir augum að gera heildarsamning um jafngildi dýraheilbrigðisábyrgða (heilbrigði dýra og manna), er byggist á meginreglunni um gagnkvæma meðferð, og sem slíkur samningur hefur verið gerður við fyrir 31. desember 1996.

Kveðið skal á um fjárhæð gjaldsins sem innheimta ber við innflutning frá einhverju þeirra þriðju landa sem um getur í fyrstu undirgrein heildarsamningsins sem er gerður við hlutaðeigandi þriðja land, að teknu tilliti til eftirfarandi meginþátta:

- tíðni eftirlits,
 - hversu hátt gjald hlutaðeigandi þriðja land leggur á innflutning vara sem eru upprunnar í ríkjum Evrópusambandsins,
 - niðurfellingu annarra greiðslna sem þriðja landið gerir kröfu um, til dæmis fyrir lögboðna geymslu eða innheimtu heilbrigðisábyrgða.
3. Gjaldið sem um getur í 1. lið er greitt af innflytjanda eða umboðsmanni hans, og innheimt á tollstofunni sem er ábyrg fyrir skoðunarstöðinni á landamærum eða á skoðunarstöðinni sjálfri.
 4. Að beiðni aðildarríkis, sem leggur fram nauðsynleg skjöl þar að lútandi, og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. tilskipunar 89/662/EBE, er unnt að ákveða gjöld að lægri fjárhæð vegna vara sem eru fluttar inn frá tilteknum þriðju löndum.
 5. Aðildarríkjunum er heimilt að veita hluta gjaldtekkjunnar, sem kveðið er á um í þessum kafla, í sameiginlegan heilbrigðissjóð sem er ætlað að efla dýraheilbrigðisþjónustu svo að unnt sé að bregðast skjótar við þegar framandi sjúkdómar koma upp.